



Reglur um frístundastyrk Suðurnesjabæjar

1. gr. Markmið og tilgangur.

Suðurnesjabær veitir foreldrum/forráðamönnum barna 18 ára og yngri frístundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, hér eftir nefnt „frístundastarf“. Meginmarkmið frístundastyrksins er að öll börn 18 ára og yngri í Suðurnesjabæ geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Meginskilyrði styrkjanna er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra og heilsueflandi gilda og á forsendum einstaklingsins.

Vísað er til 1. greinar æskulýðslaga nr. 70 frá 2007.

„Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarleg gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda.“

Vísað er til 2. greinar íþróttalaga nr. 64 frá 1998.

„Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.“

2. gr. Almennt um frístundastyrk og úthlutunarreglur

Frístundastyrkurinn er kr. 55.000.- fyrir árið 2026 fyrir börn með lögheimili í Suðurnesjabæ 18 ára og yngri og miðað við fæðingarár. Styrkupp hæðin ákvarðast við gerð fjárhagsáætlunar og gildir frá 1. janúar til og með 31. desember ár hvert. Frístundastyrkurinn greiðist til foreldra gegn framlögðum gildra greiðslukvittana vegna þátttökugjalda í frístundastarfi. Gild greiðslukvittun inniheldur nafn iðkanda og stimpil/staðfestingu útgefanda. Þátttökugjöld skulu fullgreidd þegar sótt er um styrkinn. Foreldrar/forráðamenn geta ráðstafað frístundastyrknum hvenær sem er á árinu og óháð fjölda greina/námskeiða. Frístundastyrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir búnað vegna keppni eða þjálfunar né er hægt flytja ónýtta styrki milli ára. Styrkurinn getur aldrei numið hærri upphæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

3. gr. Útborgun styrkjar

Foreldrar/forráðamenn greiða fyrir frístundastarf barna sinna. Þeir sem uppfylla ofangreind skilyrði skulu leggja fram á skrifstofu Suðurnesjabæjar frumrit greiðslukvittunar og fylla út umsóknareyðublað sem þar liggur frammi. 15 hvers mánaðar er styrkur lagður inn á reikning viðkomandi foreldris/forráðamanns.

4. gr.
Umsjón með frístundastyrk

Deildarstjóri frístundapjónustu hefur umsjón með frístundastyrk til barna og unglunga í frístundastarfi og metur hvort einstakir aðilar uppfylli skilyrði reglna. Leiki vafi á styrkhæfi getur deildarstjóri frístundapjónustu borið málið undir ípróttu- og tómstundaráð sem hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum.

Samþykkt á 36. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæsbæjar þann 02.06.2021 og öðlast reglurnar þegar gildi.